



## Stjórnarfundur AKÍS

**Staður og tími:** Google Hangouts 2. júní 2020 kl. 18:15

### Mætt:

Árni Gunnlaugsson (ÁG), Ragnar Róbertsson (RR), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Fylkir Jónsson (FJ), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Þrándur Arnþórsson (ÞA), Baldvin Hansson (BH), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS)

### Fjarverandi:

Sigurbergur Eiríksson (SE), Kristinn Snær Sigurjónsson (KSS)

ÞA ritaði fundargerð.

---

#### 1. Skipanir í keppnisráð

Komnar eru skipanir frá öllum félögum.

AKÍS hefur tilnefnt sína fulltrúa.

ÞA sendir út skipunarbréf, uppfærir tölvupóst og stofnar nýja FB hópa fyrir keppnisráðin.

#### 2. SFI öryggisbúr

Samþykkt að keppnisráð í spyrnu búi til lista yfir keppnistæki og setja hámarkstíma í 1/8 og 1/4 mílu.

#### 3. Skoðun öryggisbúra

Samþykkt tillaga um hvernig frestir eru veittir á skoðun öryggisbúra:

Nýsmíðar þurfa alltaf skoðun fyrir keppni.

Eldri búr sem er bara verið að skoða og skrásetja þá væri nóg fyrir fyrstu keppni að vera búinn að skrá tækið í skoðun, en í keppni tvö þurfi að vera búinn að framkvæma hana. Komi upp athugasemdir í þeirri skoðun verði svo ein keppni í viðbót í frest til að lagfæra það, nema búrið sé kolólöglegt eða handónýtt.

Suðumenn þurfa að hafa starfað við suðu og hafa einhver þessarra réttinda eða nám:

- Suðuréttindi frá lðunni
- Sveinspróf í vélvirkjun
- Sveinspróf í stálsmíði

#### 4. Reglugerð um akstursíþróttir

Komin eru drög að breytingu á reglugerð 507/2007 um akstursíþróttir þar sem 4. mgr. 21. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Lágmarksaldur miðað við ökutæki skal ákveðinn í reglum viðkomandi íþróttasambands skv. 1. mgr. 2. gr. Reglur íþróttasambands um lágmarksaldur skulu ekki vera lægri en alþjóðlegar reglur á sviði akstursíþróttá kveða á um. Viðkomandi íþróttasamband skal birta alþjóðlegar reglur um lágmarksaldur á vefsvæði sínu.



5. Önnur mál

**Samskipti og siðareglur** - FJ spyr um ákveðið mál sem samþykkt er að skoða betur og gera skýrslu.

**eRally Iceland** - Samþykkt að keppnin verði færð til 20.-22. ágúst 2020. Stjórn AKÍS felur KK að semja um þetta við FIA.

6. Næsti fundur

Hangouts 16. júní 2020 kl. 18:00.

7. Fundi slitið